



Fréttatilkynning

27 September 2024 11:15:00 GMT

## Arion banki hf.: Útboð sértryggðra skuldabréfa þann 2. október 2024.

**Arion banki verður með útboð á nýjum sértryggðum skuldabréfaflokki, ARION CBI 28, miðvikudaginn 2. október 2024.**

ARION CBI 28 er verðtryggður skuldabréfaflokkur með föstum 4,25% vöxtum og lokagjalddaga 20. september 2028.

Fyrirkomulag útboðs verður með þeim hætti að öll samþykkt tilboð verða tekin á hæstu samþykktu ávöxtunarkröfunni. Arion banki áskilur sér rétt til þess að samþykkja öll tilboð, hafna öllum tilboðum eða taka tilboðum að hluta.

Í tengslum við útboðið fer fram skiptiútboð þar sem eigendur flokksins ARION CBI 25 eiga þess kost að selja bréf í flokknum gegn kaupum í ofangreindu útboði. Hreint verð í skiptiútboðinu er 99,2786.

Áætlaður uppgjörsdagur er 9. október 2024. Greiða skal fyrir flokkana með reiðufé og /eða með skiptum á ARION CBI 25.

Markaðsviðskipti Arion banka hafa umsjón með útboðinu. Tilboðum skal skilað á netfangið skuldabrefamidlung@arionbanki.is fyrir kl. 16:00 þann 2. október 2024.

### Vinsamlegast beinið fyrirspurnum til:

Theodórs Friðbertssonar, fjárfestatengslum Arion banka, [ir@arionbanki.is](mailto:ir@arionbanki.is), s. 856 6760, eða Eiríks Dórs Jónssonar, forstöðumanns fjárstýringar, [eirikur.jonsson@arionbanki.is](mailto:eirikur.jonsson@arionbanki.is), s. 856 7171

### Viðhengi

[Arion banki hf.: Útboð sértryggðra skuldabréfa þann 2. október 2024.](#)